



Reykjavík, 08. ágúst. 2024

## Borgarskólalóð- breyting á deiliskipulagi- Vættaborgir 11 og 13- Hulduheimar- USK24050119

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Önnu Maríu Benediktsdóttur hjá skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 10. maí 2024, um breytingu á deiliskipulagi Borgaskólalóða, skipulag Borgarskólalóðar, dags. 20. janúar 1999 ásamt síðari breytingum, vegna lóðanna nr. 11 og 13 við Vættaborgir. Í breytingunni sem lögð er til felst sameining lóða, að koma fyrir viðbyggingu innan lóðar og að heimilt verði að koma fyrir færanlegum kennslustofum á lóð, samkvæmt uppdr. VA arkitekta, dags. 18. júní 2024. Einnig er lagt fram samgöngumat Verkís, dags. 20. maí 2024, vegna stækkunar leikskólans Hulduheima. Tillagan var grenndarkynnt frá 4. júlí 2024 til og með 1. ágúst 2024. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Ágúst Ingi Friðriksson, dags. 27. júlí 2024 og Veitur sendu umsögn, dags. 15. júlí 2024.

### Tvær athugasemdir bárust vegna leikskólans Hulduheimar að Vættaborgum 11-13

Athugasemdirnar snúa að heimplögnum Veitna og að huga þurfi að hljóð og sjónrænu næði með t.d. gróðri, til að minnka áreiti á íbúa í nálægð við leikskólann.

Eftirfarandi aðilar sendu athugasemdir vegna leikskólans Hulduheima, tvö bréf/netpóstar:

1. Veitur- Helga Rún Guðmundsdóttir, 15.07.2024
2. Ágúst Ingi Friðriksson, 27.07.2024

Helga Rún Guðmundsdóttir

Umsögn birt **15.07.2024**

Nýr byggingarreitur er staðsettur þar sem heimlagnir Veitna liggja. Veitur benda á skilmála um heimlagnir Veitna <https://www.veitur.is/skilmalar-fyrir-heimlognum>  
Sækja þarf skriflega um aftengingu heimlagna á [Mínum síðum](#) - Heimlagnaumsókn.

Ágúst Ingi Friðriksson

Umsögn birt **27.07.2024**

Óskað er eftir að við stækkun leikskólans verði tekið tillit til nálægðar hans við næstu hús fyrir neðan. Sérstaklega að gerðar verði ráðstafanir við frágang lóðar eftir stækkun leikskólans til þess að stuðla að hljóðrænu og sjónrænu næði fyrir íbúa í kringi, t.d. með gróðursetningu hárra trjáa milli leikskólans og húsa neðan hans, en gera má ráð fyrir að í kjölfar stækkunar muni umgangur og hávaði frá lóð leikskólans aukast.

### Umsögn

- Lagt er til að koma til móts við athugasemdir með gróðursetningu á borgarlandi milli leikskólans og einbýlishúsalóðanna neðan leikskólans.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Laufey Sigurðardóttir arkitekt / verkefnastjóri